

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



Sjálfsmatsskýrsla

2012 – 2013

Elísabet St. Jóhannsd. Sörensen

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lýsing á BES	4
Skólastefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri	5
Stjórnun	6
Starfsmannastefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.....	7
Helstu áhersluatriði starfsmannastefnu skólans eru:	7
Ábyrgð og skyldur stjórnenda og annarra starfsmanna	7
Stjórnendur	7
Starfsmenn.....	7
Starfsþróun, símenntun	8
Starfsmannasamtöl.....	8
Samskipti á vinnustað	8
Vinnuumhverfi, vinnuvernd.....	8
Siðareglur og starfsagi	8
Jafnrétti.....	8
Sjálfsmat BES	10
Ytri rammi og innri viðmið.....	10
Sjálfsmatsaðferð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri	10
Niðurstöður	12
Stefna og stjórnun	12
Nám og kennsla	14
Líðan nemenda	33
Starfsánægja starfsmanna.....	44
Samvinna heimila og skóla	54
Umræða	61
Lokaorð	63

Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, skólaárið 2012 – 2013. Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er lýsing á Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem til styttingar er stundum nefndur BES, stefnu hans og markmiðum. Þá er því lýst hvaða sjálfsmatsaðferðum er beitt og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áherslupætti fyrir sig.

Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar, helstu styrkleika skólastarfsins, helstu veikleika eða sóknarfæri.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir einungis grein fyrir skólastarfi Barnaskólans síðastliðið skólaár 2012-2013 þar sem þetta er fyrsta sjálfsmatsskýrsla skólans sem gefin er út.

Eldri upplýsingar um skólastarfið má finna í ýmsum skýrslum og greinum um Barnaskólann.



Lýsing á BES

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er elsti samfelldi starfandi grunnskóli á Íslandi. Hann hefur starfað óslitið frá 25. október árið 1852 og er því 161 árs um þessar mundir. Um tildrög þess að ráðist var í þessa framsýnu aðgerð hér á sínum tíma hefur Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur skrifað í bók sinni “Skólinn við ströndina” (2003) sem kom út í tilefni af 150 ára afmæli skólans árið 2002. Hér á eftir koma glefsur úr þeim skrifum:

Upphaf barnaskóla á Íslandi má tengja beint við vaxandi áhrif borgarastéttar, þeirrar stéttar sem á 19. öldinni efdist ört um alla Evrópu og hafði vaxandi menningaráhrif. Segja má að með því að leyfa búsetu kaupmanna í hjáleigu- og þurrabúðarhverfum hafi forsendur fyrir nútímavæðingu landsins orðið til. Borgarastéttin hélt innreið sína í íslenskt samfélag. Kaupmenn kynntu nýjungar í atvinnuefnum, svo sem saltfiskverkun, en líka menningarlegar nýjungar, og stofnun skóla á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852 var ein slík. Barnaskólar voru síðan settir á stofn í öðrum þorpum hverju af öðru, en víðast hvar ekki fyrr en um 1870-1880.

Árið 1897 skiptist Stokkseyrarhreppur hinn forni upp í tvö sveitarfélög; Stokkseyrarhrepp og Eyrarbakkahrepp. Þá urðu líka til tveir skólar, sinn í hvoru þorpinu. Árið 1997, nákvæmlega 100 árum eftir það voru Grunnskólinn á Stokkseyri og Barnaskólinn á Eyrarbakka sameinaðir á ný undir því nafni sem skólinn ber í dag; Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Skólinn hefur síðan unnið að ýmsum þróunarverkefnum sem móta starfsemi hans og stefnu í dag. Þar má nefna “þróunarskóla í upplýsingatækni”, Nemendasamninga, Brúum bilið, Þristinn, GAGN; Gleði að góðu námi, Olveusaráætlun gegn einelti, ART-félagsfærniþrógram, Lestrarstefnu BES, Barnabær og nú síðast Uppbyggingarstefnunni eða Uppeldi til ábyrgðar.

Haustið 2010 flutti Stokkseyrarhluti skólans í nýtt og glæsilegt 1800 m² húsnæði sem nú hýsir 1.-6. bekk. Áfram eru rúmlega 400 m² af gamla húsinu notaðir fyrir skólavistun og heimilisfræðikennslu. 7.-10. bekkur stunda námið á Eyrarbakka í um 888 m² húsnæði, þ.m.t. lausum stofum. Nemendur á Stokkseyri eru um 100 og nemendur á Eyrarbakka um 60 eða alls 160 nemendur í skólanum öllum. Kennarar eru 20 í 16 stöðugildum og auk þess eru um 20 aðrir starfsmenn við störf í skólanum. Þeir sinna gæslu, stuðningi, húsvörslu, ritarahlutverki og þrifum. Við skólann er þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi auk sérkennara. Önnur fagleg þjónusta, s.s. sálfræðingur og kennsluráðgjöf er keypt frá Skólaskrifstofu Suðurlands.

Þann 15.maí 2013 hlaut Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hvatningarverðlaun Heimilis og skóla vegna verkefnisins Barnabær.

Í niðurstöðu dómnefndar segir: „Það var samdóma álit dómnefndar að Barnabær hljóti Hvatningarverðlaunin árið 2013. Dómnefndin taldi verkefnið vel í anda umræðu um fjármálalæsi þjóðarinnar og því fari vel á því að byrja að kenna yngstu kynslóðinni um gildi hagkerfis okkar. Verkefnið er vel útfært og gert spennandi fyrir ungmenni sem gerir þau færari að takast á við hugtök framtíðarinnar í efnahagsmálum sem skilar sér vonandi í hagsæld þeirra í framtíðinni. Foreldrar barna í verkefninu gegna stóru hlutverki og með því skapast mikil tengsl og skilningur á því umhverfi sem börnin nærast og þrífast í.“

Skólaftefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Nemendum skólans er skipt í hópa eftir árgöngun og eru bekkjarstærðir að meðaltali um 16 nemendur. Skólaárinu er skipt í þrjár annir haustönn, vetrarönn og vorönn. Nemendur hvers bekkjar fylgjast að í námi sem er skilgreint í námskrá skólans. Þeir nemendur sem ekki ná að fylgja bekkjarnámskrá fá stuðning og eða sérsniðið námsefni við hæfi .


Grunngildin í stefnu skólans birtast í leiðarljósi hans en þau eru: *jákvæðni, metnaður, virðing, heiðarleiki*.

- Í öllu starfi skólans gildir **jákvæðni**. Það er í samskiptum nemenda, starfsmanna og forráðamanna. Ætíð er horft á það jákvæða í starfinu og tekið mið af því.
- **Metnaður** er hugtak sem við innprentum öllum er að starfinu koma. Við reynum að efla metnað nemenda í námi og stefna ætíð að sínu besta, starfsmenn vinna störf sín af metnaði og forráðamenn leggi metnað í sinn þátt í starfinu.
- Borin er **virðing** fyrir öllum er að starfinu koma.
- Og **heiðarleiki** er eitt af þeim grunngildum sem haldið er á lofti.

Stjórnun

Skólastjóri hefur yfirumsjón með öllu skólastarfi og ber ábyrgð á því. Honum til aðstoðar eru tveir stjórnendur, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri. Við stjórnun er leitast við að dreifa verkefnum og byggja þannig samábyrgð allra sem við skólann starfa. Í þessum anda starfa eftirfarandi stýrinedndir við skólann:

- Sérkennsluteymi, í því sitja stjórnendur, sérkennari, þroskaþjálfari og námsráðgjafi. Þetta teymi heldur utan um alla sérkennslu og stoðþjónustu fyrir nemendur.
- Olweusarteymi. Sér um alla forvarnarvinnu vegna eineltis, framkvæmir eftirlitskannanir og stýrir úrvinnslu eineltismála sem upp koma.
- Lestrarteymi. Skipuleggur lestrarkennslu við skólann, ákveður lestrarpróf og fylgir þeim eftir.
- Allsherjarnefnd. Skipuleggur dagskrá þeirra daga sem víkja frá hefðbundnu skólastarfi.
- Sjálfsmatsnefnd. Sér um og framkvæmir sjálfsmat skólans og einnig nýtir skólinn sér þjónustu Skólapúlsins til greiningar á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins.



Starfsmannastefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Lykillinn að velgengni hvernar stofnunar eða fyrirtækis er starfsfólkið. Mikilvægt er að byggja upp fjölbreyttan hóp starfsmanna sem býr yfir ólíkri þekkingu og reynslu.

Markmið starfsmannastefnu skólans er að hann hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem geta tryggt nauðsynlegt frumkvæði og veitt góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum skjólstæðinga sinna. Hver og einn á rétt á góðum starfsskilyrðum og möguleikum á að vaxa og dafna í starfi. Hvatt er til þess að starfsfólk skólans axli ábyrgð, læri nýja hluti, komi með nýjar hugmyndir og sýni það besta sem í því býr. Mikilvægt er að hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta jákvæðan og góðan starfsanda og skapa sterka liðsheild þar sem hreinskiptni og hreinskilin skoðanaskipti eru viðhöfð við lausn álitamála.

Helstu áhersluatriði starfsmannastefnu skólans eru:

- Að laða að skólanum hæft starfsfólk og halda því í starfi.
- Að tryggja starfsfólki góð starfsskilyrði og kost á fræðslu og símenntun til frekari þróunar í starfi.
- Að hver og einn fái verkefni við hæfi og fái þannig notið sín.
- Að starfsmenn séu virkjaðir til að móta og bæta starfseminna.
- Að starfsmenn séu vel upplýstir um hlutverk þeirra og ábyrgð.
- Að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki innan stofnunarinnar.
- Að fyrirbyggja deilur og auðvelda lausnir þeirra.
- Að stjórnun skólans sé markviss og ákveðin.
- Að starfið í skólanum grundvallist á gagnkvæmri virðingu, trausti, jafnrétti og jafnræði.
- Að samræma sem best kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

Ábyrgð og skyldur stjórnenda og annarra starfsmanna

Stjórnendur og starfsfólk skólans bera sameiginlega ábyrgð á því að sú þjónusta sem veitt er sé sem best á hverjum tíma og að af festu sé unnið að því að ná langtímamarkmiðum.

Stjórnendur

Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir skulu hafa að leiðarljósi jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu á valdi og ábyrgð. Þeir bera ábyrgð á störfum starfsmanna sinna og eiga að vinna með þeim að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Einnig eiga þeir að gera starfsmönnum kleift að taka framförum bæði faglega og sem einstaklingar. Stjórnendur eiga að leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir sem víðtækastri sátt um þau. Stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni.

Starfsmenn

Starfsmenn eiga að sinna starfi sínu af alúð og samvirkusemi í hvívetna og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni. Þeir eiga að vinna með öðrum starfsmönnum af heilindum að þeim markmiðum sem starfseminni eru sett. Þeim ber að hlýta lögmætum fyrirmælum yfirmanna sinna. Þeim ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þó látið sé af starfi. Starfsmenn eiga að gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist því starfi sem þeir gegna og forðast að hafast nokkuð það að, sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er þeir vinna við. Í störfum sínum ber þeim að hafa í

heiðri ítrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlætiskennd. Æskilegt er að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbriggt lífni.

Starfsþróun, símenntun

Starfsmenn skulu leitast við að laga sig að þeim kröfum sem sem starfið gerir til þeirra og skulu reiðubúnir að þjálfra sig til nýrra og breyttra verkefna. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og skal m.a. sinnt með starfsmannasamtölum, símenntun og samvinnu. Starfsþróun og starfsöryggi tengist með beinum hætti. Stefnt skal að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar til að auka þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra þá sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Starfsmannasamtöl

Yfirmaður skal hlutast til að starfsmannasamtöl séu tekin tvisvar á ári. Í starfsmannasamtali skal leitast við að fá fram hugmyndir viðmælenda um það hvernig hann geti elft starfhæfni sína og auðgað starf sitt. Tilgangur starfsmannasamtala er að tryggja að kröfur og væntingar yfirmanna og starfsmanna séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur þar sem þeirra er þörf. Ræða skal einnig fræðsluþörf og leiðir til úrbóta. Einnig á starfsmaður í starfsmannasamtali að geta rætt líðan sína á vinnustað, frammistöðu og óskir um starfsvæntingar og starfsþróun.

Samskipti á vinnustað

Samskipti í skólanum skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi og jákvæðu viðmóti. Umburðarlyndi og virðing fyrir nemendum og samstarfsfólki eru grundvallarviðmið sem framar öðru eru til þess að skapa traust í öllum samskiptum. Hafa skal í heiðri allar almennar siðareglur milli einstaklinga. Ummæli, tjáning eða annað atferli starfsmanns sem ógnar, truflar eða ögrar og veldur óþægindum verður ekki liðið. Litið verður á slíka hegðun, svo og á áreiti af öllu tagi svo sem einelti sem alvarlegt brot í starfi. Velliðan á vinnustað eru ekki æskileg heldur sjálfsögð réttindi hvers og eins.

Vinnuumhverfi, vinnuvernd

Stefnt skal að því að vinnuumhverfi sé eins þægilegt og aðlaðandi og aðstæður leyfa. Stjórnendum ber að stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi. Vinnuumhverfi starfsmanna skal vera laust við hættuleg efni og aðra vá eins og kostur er. Starfsmönnum ber að fylgja þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra um öryggi og gætni í starfi. Notkun vímuefna starfsmanna við störf er óheimil.

Siðareglur og starfsagi

Áhersla er lögð á að starfsmenn séu stundvísir og ber stjórnanda að fylgjast með mætingum, fjarveru á vinnutíma og brotthvarf af vinnustað áður en reglulegum vinnudegi lýkur. Starfsmenn skulu hafa í heiðri virðingu og trúnað í samskiptum bæði innan skóla og utan er varða málefni þeirra er tengjast starfsemi skólans. Þá ber starfsmönnum að fara að stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og þeim sérstöku siðareglum sem í gildi eru á hverjum tíma. Starfsmönnum ber að hlíta lögmætum fyrirmælum yfirmanna sinna, sýna heiðarleika, trúmennsku og vandvirkni og gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir verða áskynja í starfi. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Jafnrétti

Mikilvægt er að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum og fyllsta jafnræðis sé gætt milli allra starfsmanna. Í skólanum er einstaklingum ekki mismunað eftir aldri, kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni né vegna trúar eða stjórnmálaskoðana. Stjórnendur skulu sjá til þess að áætlun um jafnrétti sé framfylgt. Mikilvægt er að starfsmönnum séu

skapaðar aðstæður til að samræma kröfur starfs- og einkalífs eins og kostur er. Nauðsynlegt er að skapa ákveðinn sveigjanleika í starfi þar sem hægt er að koma því við. Konum og körlum skal gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar. Starfsmenn skulu því eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Stjórnendur skulu hvetja væntanlega feður til að nýta rétt sinn til feðraorlofs. Jafnframt skulu þeir hvetja karla til að vera heima hjá veikum börnum sínum til jafns við konur.

Sjálfsmat BES

Sjálfsmat BES í þessari skýrslu byggir á ytri ramma skólans s.s. lögum og reglugerðum sem skólanum er settar og innri viðmið sem skólinn setur sér.

Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta*, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.: *Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.*

Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.

Sjálfsmat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri byggist á ofangreindum lagaákvæðum.

Sjálfsmatsaðferð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Við innra mat á skólastarfinu eru ýmis gögn lögð til grundvallar s.s. Skólapúlsinn, nemendaforeldra- og starfsmannakönnun, niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Þær kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati BES eru þessar:

Innri kannanir:

Skólapúlsinn 2012 – 2013

Próf og mat á árangri nemenda

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2012

Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla eru eftirfarandi fimm spurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Mætir skólinn þörfum nemenda?
- Er góður starfsandi í skólanum?
- Er samstarf heimila og skóla gott?


Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats BES en niðurstöðurnar byggja á þeim gögnum sem getið er um. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar.


Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfskannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn 2012 – 2013
- Viðhorfskannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn 2012 - 2013



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kemur fram að ánægja starfsmanna með stjórnun skólans er marktækt minni en meðaltal starfsmanna á landinu öllu.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans sú sama að meðaltali og ánægja foreldra á landinu öllu eða 90%

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kemur fram að menntunarstig starfsmanna þ.e hæsta prófgráða er svipað og á landinu öllu. Hins vegar er meðalaldur kennara við skólann marktækt lægri en almennt gerist meðalstarfsaldur 13,8 ár sambærilegur og gerist við aðra skóla á landinu.

Stefna og stjórnun – samantekt


Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Stefna og stefnumörkun	
<ul style="list-style-type: none"> • Skýr skólastefna • Skýr skólanámskrá • Skýr starfsmannastefna 		
	Stjórnun	
<ul style="list-style-type: none"> • Meðalaldur kennara lágur 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með stjórnun skólans • Menntunarstig starfsmanna • Meðalstarfsaldur kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja starfsmanna með stjórnun undir viðmiði

Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfskannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn
- Viðhorfskannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn
- Viðhorfskannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. Bekk

Kennsla og kennsluhættir




Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er oftast kennt en almennt gerist á landinu.

Einstaklingsvinna og hópavinna er sjaldnari en að meðaltali á landinu öllu.


Einstaklingsmiðuðu kennsla er marktækt meiri samkvæmt þessu en gerist almennt á landinu.



Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er marktækt minni en að meðaltali á landinu.




Foreldrar í Barnskólanum er marktækt ekki sammála því að þyngd námsefnis sé hæfilegt. 12% foreldra segir að það sé of þungt en 22% segja að það sé of létt.




Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna kemur svipað út í Barnskólanum og á landinu öllu.

Stoðþjónustan




Hlutfall nemenda í sérkennslu er meira í BES en á landinu að meðaltali. 41% í BES, 25% á landinu öllu og 32% í Sunnulaekjarskóla. Munur á milli kynja er að 33% stúlkna fá sérkennslu á móti 19% stúlkna á landinu öllu. 48% drengja á móti 30% á landinu öllu.

Ánægja foreldra með sérkennslu er 96 % og marktækt meira en á landinu öllu sem er 89%




Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsnámskrá er marktækt hærra í Barnaskólanum en á landinu öllu. Einnig er umtalsvert fleiri foreldrar í samstarfi um einstaklingsáætlun síns barns en almennt gerist á landinu.





Hlutfall foreldra í skólanum sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu er 19 % en 12 % á landinu öllu. Allir foreldrar sem fengið hafa sálfræðiþjónustu segjast ánægðir með hana á mótí 90 % foreldra á landinu að meðaltali.

Heimanám


Þegar borin eru saman svör kennara í BES við svör kennara annarsstaðar á landinu um þann tíma sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku kemur fra að það er sambærilegt og á landinu öllu.



Hlutfall foreldra sem verja meira en 15 mínútum á dag í að aðstoða barnið við heimanám er sambærilegt í BES og á landinu öllu.




59% foreldra í BES finnst heimavinna ekki hæfileg og er það marktækt færri en á landsvísu. 13% foreldra finnst heimavinna alltof eða of mikil og er það meira en á landsvísu. 28% foreldra finnst heimavinna alltof eða of lítil sem er marktækt meiri munur en á landsvísu.




Í Skólapúlsinum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnu á réttum tíma, hvort kennarar fari yfir heimavinnu, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaeinkunn. Svör nemenda sýna greinilega að mikilvægi heimavinnu er ekki eins mikið í skólanum og almennt á landinu.

Námsmat

Áhersla kennara í BES á námsmat með hefðbundnum prófum er marktækt meira en kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vega er áhersla þeirra á námsmat með öðru en hefðbundnum prófum t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum sambærilegt og hjá kennurum í öðrum skólum.



Hlutfall foreldra í skólanum sem telur að hæfileg áhersla sé á hefðbundið námsmat með prófum er svipað og annars staðar og hlutfall foreldra sem finnst hæfileg áhersla lögð á annað námsmat en hefðbundin próf er svipað og á landinu öllu.




Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu


Skólapúlsinn mælir virgni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.




Ánægja af lestri mælist svipuð í BES og á landinu öllu. Þó má sjá að drengir mælast með uppsafnað meðaltal marktækt undir landsmeðaltali. Drengir í BES mælast með 3,92 en drengir á öllu landinu með 4,75




Trú nemenda á að þeir hafi stjórn á eigin árangri er marktækt minni hjá nemendum BES en almennt á landinu.




Þrautseigja í námi mælist marktækt minni í BES en almennt á landinu.




Áhugi á stærðfræði mælist minni í BES en á landsvísu.



Persónulegt gildi náttúruvísinda er sambærilegt og á landinu öllu. (0,32)



Þátttaka í íþróttum og eða líkamsrækt er marktækt minni í Barnaskólanum en á landsvísu.



Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er marktækt minni en á landsvísu



Trú nemenda á eigin námsgetu er marktækt minni en á landsvísu (1,26)

Virkni nemenda í skólanum – samanburður á milli árganga

Þegar svör árganganna í BES skólaárið 2012-2013 eru bornir saman við svör jafnaldra þeirra á landsvísu varðandi virkni í skólanum kemur berlega í ljós að almennt koma nemendur BES illa út úr þessum samanburði.

(ólítaður reitur táknar minni mun en 0,5. Rauður litur táknar neikvæðan mun 0,5 eða meira)


	6.b (f. 2001)	7.b (f.2000)	8.b (f.1999)	9.b (f.1998)	10.b (f.1997)
Ánægja af lestri	-0,4	-0,6	-0,9	+0,07	-0,08
Stjórn á eigin árangri	-0,9	-1,0	-1,7	-1,4	-1,2
Þrautseigja í námi	-1,4	-0,8	-1,5	-1,4	-0,5
Áhugi á stærðfræði	-,03	-1,4	-0,1	-0,9	+0,01
Persónulegt gildi náttúruvísinda	+0,03	-0,4	-0,7	+0,1	-0,09
Íþróttir / líkamsrækt	-1,4	-1,7	-0,8	-0,4	-0,2
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	-1,6	-1,3	-2	-1,2	-1,3
Trú á eigin námsgetu	-1,5	-0,9	-1,6	-1,5	-1,2

Virkni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar samanburður kynjanna í BES eru borin saman sést að stúlkur hafa marktækt meiri ánægju af lestri en drengir en almennt er ekki mikill munur á virkni nemenda BES eftir kyni.

	Samanburður á stelpum og strákum í BES			Samanburður á kynjunum í BES og á landinu öllu
	Stelpur	Strákar	Stelpur	strákar
Ánægja af lestri	+0,2	-0,5	-0,3	-0,8
Stjórn á eigin árangri	-1,2	-1,2	-1,2	-0,1
Þrautseigja í námi	-1,1	-1,2	-0,8	-1,5
Áhuga á stærðfræði	-,05	-1,1	-0,4	-1,1
Persónulegt gildi náttúruvísinda	-0,3	-0,4	-0,1	-0,3
Íþróttir /líkamsrækt	-1,2	-0,6	-1,5	-0,3
Trú á eigin vinnubrögðum	-1,3	-1,6	-1,6	-2
Trú á eigin námsgetu	-1,3	-1,2	-1,1	-1,5

Aðstaða nemenda og námsumhverfi




Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt minni í BES en ánægja foreldra á landinu að meðaltali. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómstundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list-og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.

Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun BES kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru óánægðastir með er íþróttaaðstaða skólans, skólalóðin og ör skipti á kennurum m.a. vegna fæðingarorlofa.


Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun BES kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru ánægðastir með er gott starfsfólk, nýtt skólahúsnæði á Stokkseyri og stoðþjónusta skólans.

Námsárangur


Meðaltal námsárangurs nemenda í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri í samræmdum könnunarprófum í 4.,7. og 10.bekk ásamt samanburðartölum frá Suðurlandi og landinu í heild sinni frá árinu 2010 er sýnd í eftirfarandi töflum:




Útkoman í stærðfræði í 4.bekk er mjög árgangaskipt. Árið 2010 er BES marktækt yfir meðaltali bæði yfir Suðurland og landið allt. Árið 2011 er BES marktækt undir meðaltali og svo árið 2012 er BES jafnt bæði Suðurlandi og landsmeðaltali.




Útkoma í íslensku í 4.bekk BES hefur verið við meðaltal á Suðurlandi og á landinu öllu. Einkunnir í BES hafa hækkað á hverju ári frá 2010. Meðaltal ársins 2010 er 5,46, meðaltal ársins 2011 er 5,69 og meðaltal ársins 2012 er 5,75.




Útkoma í stærðfræði í 7.bekk er lakari en útkoman á Suðurlandi og landinu öllu. Einkunnir í BES hafa hækkað á hverju ári frá 2010. Meðaltal ársins 2010 er 4,89. Meðaltal ársins 2011 er 4,95 og meðaltal ársins 2012 er 5,87




Útkoma í Íslensku í 7.bekk kemur einnig lakar út en íslenska á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali og hefur árangur í íslensku í 7.bekk farið dalandi undanfarin þrjú ár.



Útkoma í stærðfræði í 10.bekk árið 2010 er lakari en á Suðurlandi og á landinu öllu. Meðaltal BES er 5,1 Ekki er hægt að birta meðaltöl árána 2011 og 2012 þar sem færri en 10 nemendur eru að baki þeim niðurstöðum



Útkoma í íslensku í 10.bekk árið 2010 er örlítið lakari en á Suðurlandi og á landinu öllu. Meðaltal BES er 5,7 en meðaltal á Suðurlandi er 5,9 Ekki er hægt að birta meðaltöl árána 2011 og 2012 þar sem færri en 10 nemendur eru að baki þeim niðurstöðum



Útkoma í ensku í 10.bekk árið 2010 er lakari en á Suðurlandi og á landinu öllu. Meðaltal BES er 5,8 Ekki er hægt að birta meðaltöl árána 2011 og 2012 þar sem færri en 10 nemendur eru að baki þeim niðurstöðum.

Nám og kennsla - samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Kennsla og kennsluhættir	
<ul style="list-style-type: none"> Einstaklingsmiðuð kennsla 	<ul style="list-style-type: none"> ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum barnsins 	<ul style="list-style-type: none"> Hópavinna í bekk Marktækt minni ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum. Ekki hæfileg þyngd námsefnis að mati foreldra
	Stoðkerfi	
<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu. Ánægja foreldra með sérkennsluna Hlutfall nem. í sérkennslu með einstakl.áætlun Hlutfall foreldra í samstarfi um einstakl.áætlun Ánægja foreldra með sálfr.þjónustu Hlutfall foreldra sem óskað hafa eftir þjónustunni 		
	Heimanám	
	<ul style="list-style-type: none"> Tími sem kennarar ætlast til að nem. verji í heimanám Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki hæfileg heimavinna að mati foreldra Mikilvægi heimavinnu að mati nemenda
	Námsmat	
<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat 	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall kennara sem nota annað námsmat en hefðbundin próf Ánægja foreldra með áherslur skólans á hefðbundin námsmat. 	<ul style="list-style-type: none"> Ánægja foreldra með áherslur skólans á annað námsmat en próf
	Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu	
	<ul style="list-style-type: none"> Ánægja af lestri Ánægja af lestri hjá stúlkum Persónulegt gildi náttúruvísinda 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórn á eigin árangri Lítill ánægja af lestri hjá drengjum Þrautseigja í námi Áhuga á stærðfræði Íþróttir / líkamsrækt Trú á eigin vinnubrögð í námi Trú á eigin námsgetu

	Aðstaða nemenda og námsumhverfi	
<ul style="list-style-type: none"> • Gott starfsfólk • Skólahúsnæði á Stokkseyri • Stoðþjónusta skólans 		<ul style="list-style-type: none"> • Marktækt minni ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum • Íþróttaaðstaða skólans • Skólalóðin • Ör kennaraskipti
	Námsárangur	
	<ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 4.bekk • Íslenska í 4.bekk • Ekki birt opinberlega framfarir í 10.bekk vegna nemendafjölda 	<ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 7.bekk • Íslenska í 7.bekk


Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfskannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn vorið 2013
- Viðhorfskannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn 2012-2013

Líðan nemenda í skólanum

Almennt líður nemendum vel í skóla að mati foreldra og foreldrar barna í BES eru svipað ánægð með líðan barna sinna og foreldrar á landinu að meðaltali. Alls segja 92% foreldra í BES að börnum þeirra líði vel í skólanum almennt en færri nefna að börnum þeirra líði vel í kennslustundum og frímínútum.




Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að nemendur BES hafa heldur minna sjálfsálit en samanburðarhópurinn.




Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að nemendur BES hafa heldur minni trú á stjórn á eigin lífi en samanburðarhópurinn.



Vanlíðan mælist heldur meiri hjá nemendum BES en í samanburðarhópunum



Kvíði mælist heldur meiri hjá nemendum BES en í samanburðarhópunum. Þegar svör milli kynjanna í BES eru skoðuð kemur í ljós að kvíði meðal stúlkna er meiri en meðal stráka.



Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2012-2013 eru skoðuð kemur í ljós að nemendum í 7.bekk líður áberandi verr en jafnöldrum þeir á landsvísu.

	6.b (f. 2001)	7.b (f.2000)	8.b (f.1999)	9.b (f.1998)	10.b (f.1997)
Sjálfsálit	-0,1	-1,2	-0,3	-0,3	-0,1
Stjórn á eigin lífi	-0,6	-1,5	-0,8	-0,9	-0,2
Vanlíðan	+0,6	+1,9	+0,6	+0,5	+0,2
kvíði	-0,4	+1,8	-0,1	+0,9	+0,7


Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í BES skólaárið 2012-2013 eru skoðuð kemur berlega í ljós að stúlkum líður almennt verr en jafnöldrum þeirra á landsvísu.

	Samanburður á stelpum og strákam í BES		Samanburður á kynjum í BES og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar	Stelpur	strákar
Sjálfsálit	-0,2	+0,2	-0,8	-0,4
Stjórn á eigin lífi	-1,0	-0,7	-1,2	-0,6
Vanlíðan	+1,0	+0,6	+1,3	+0,4
kvíði	+0,7	+0,7	+1,3	+0,1

Skóla- og bekkjarandi

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er svipaður og í samanburðarhópnum.




Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmanna.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er minni hjá nemendum BES en hjá samanburðarhópnum




Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir.

Viðhorf nemenda BES til sambands þeirra við kennara er lakara en í samanburðarhópnum.




Skólapúlsinn mælir einnig viðhorf nemenda til stuðnings kennara við þá eða hvort kennarar sýni áhuga á námi sérhvers nemanda, veiti auka aðstoð ef á þarf að halda, útskýri og hlusti. Stuðningu kennara við nemendur BES mælist svipaður og hjá samanburðarhópnum.



Í Skólapúlsinum er einnig mæld virg þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Virg þátttaka mælist minni í BES en hjá samanburðarhópnum.



Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2012-2013 eru skoðuð kemur í ljós að nemendur 6. Og 7. bekkjar koma neikvæðar út en eldri bekkirnir.

(ólitauður reitur táknar minni mun en 0,5. Rauður litur táknar neikvæðan mun 0,5 eða meira. Grænn litur táknar jákvæðan mun 0,5 eða meira)

	6.b (f.2001)	7.b (f.2000)	8.b (f.1999)	9.b (f.1998)	10.b (f.1997)
Samsömun við nemendahópinn	-0,2	-1,5	-0,7	-0,4	-0,7
Samband nemenda við kennara	-1,8	-0,7	+0,4	-0,4	-0,4
Stuðningur kennara við nemendur	-1,1	-1,1	+1,0	-0,0	+0,4
Virk þátttaka nemenda í tímum	-1,1	-1,1	0,0	-0,4	-1,2


Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja

Þegar svör árganganna skólaárið 2012-2013 eru skoðuð kemur í ljós að samsömun við nemendahópinn er minni hjá stúlkum en strákkum og sérstaklega ef miðað er við stelpur almennt á landinu. Stuðningur kennara við nemendur er sambærilegur milli kynjanna.


	Samanburður á stelpum og strákkum í BES		Samanburður á kynjum í BES og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar	Stelpur	strákar
Samsömun við nemendahópinn	-0,9	-0,5	-1,2	-0,2
Samband nemenda við kennara	-0,6	-0,8	-0,4	-1,0
Stuðningur kennara við nemendur	-0,2	-0,5	-0,2	-0,5
Virk þátttaka nemenda í tímum	-0,7	-1,0	-0,7	-1,0

Agamál

Marktækt lægra hlutfall foreldra í BES telja aga í skólanum hæfilegan en foreldrar gera almennt.




Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum minni en hjá samanburðarhópnum.




Einelti


Umfang eineltis er meira í BES að mati foreldra en hjá samanburðarhópnum.




Foreldrar í BES eru óánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum, hraða á úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun skólans.



Að mati nemenda er tíðni eineltis í BES meiri en hjá samanburðarhópnum.



Samkvæmt svörum foreldra er meira um einelti í BES en í öðrum skólum á landsvísu í frímínútum innandyra, í kennslustundum, í hádegisstund og á leið til að frá skóla en hinsvegar minna í íþróttatímum, búningaklefum. Einelti mælist jafnmikið á skólalóð BES og annarsstaðar á landinu.



Einelti – samanburður milli árganga

Þegar svörin eru borin saman við svör sömu árganga á landinu kemur í ljós að einelti í 7. bekk er áberandi meira en í sama árgangi á landsvísu.

	6.b (f.2001)	7.b (f.2000)	8.b (f.1999)	9.b (f.1998)	10.b (f.1997)
Einelti	+0,2	+1,8	-0,2	-0,0	+0,8

Einelti – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í BES eru skoðuð sést að strákar verða síður fyrir einelti en stelpur í skólanum og einelti meðal stráka í skólanum er sambærilegt og meðal stráka almennt á landinu.

	Samanburður á stelpum og strákum í BES		Samanburður á kynjum í BES og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar	Stelpur	strákar
Einelti	+0,9	+0,3	+1,2	-0,0

Líðan nemenda – samantekt


Sterkar hliðar	I jafnvægi	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Líðan nemenda í skólanum	
<ul style="list-style-type: none"> Lítill kvíði í 6.og 8.b 	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda að mati foreldra Sjálfsálit Stjórn á eigin lífi Vanlíðan kvíði 	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfsálit í 7.b Stjórn á eigin lífi í 7. og 9.b Vanlíðan í 7.b Kvíði í 7. og 9.b
	Skóla- og bekkjarandi	
<ul style="list-style-type: none"> Samband nemenda við kennara í 8.b 	<ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn Samband nemenda við kennara Stuðningur kennara við nemendur Virk þátttaka nemenda í tímum Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn í 7., 8. og 10.bekk Virk þátttaka nemenda í 6., 7. og 10.bekk Stuðningur kennara við nemendur í 6. og 7.bekk Samband nemenda við kennara í 6.b
	Agamál	
		<ul style="list-style-type: none"> Hæfilegur agi að mati foreldra Agi í tímum að mati nemenda
	Einelti	
<ul style="list-style-type: none"> <u>Minni tíðni eineltis samanborið við landið:</u> í íþróttatímum Í búningklefum Á netinu eða GSM 	<ul style="list-style-type: none"> <u>Svipuð tíðni eineltis samanborið við landið:</u> Í frímínútum á skólalóð Einelti meðal drengja 	<ul style="list-style-type: none"> Umfang eineltis að mati foreldra Tíðni eineltis að mati nemenda Úrvinnsla skólans í eineltismálum Hraði úrvinnslu mála Eineltisáætlun skólans <u>Hærri tíðni eineltis samanborið við landið :</u> *Í frímínútum innandyra *Í kennslustundum *Á leið til og frá skóla Einelti meðal stúlkna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Viðhorfskannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn vorið 2013
- Starfsmannakönnun á líðan – október 2012

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðipjónusta

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 kemur fram að ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er minna en hjá samanburðarhópnum.




Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgangur að ráðgiöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og /eða hegðunarerfiðleika er meiri í Barnaskólanum en hjá samanburðarhópnum en faglegur stuðningur skólustjóra mælist minni.



Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólapulsinum er lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum marktækt minni en almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur.



Samvinna og teymisvinna


Í könnun Skólapulsinum er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 52 % kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 62% kennara í öðrum skólum.



Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt er varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og

námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali.

Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum er marktækt meiri samvinna milli kennara skólans en á landinu öllu




Starfsaðstæður

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna marktækan mun á viðhorfum starfsmanna skólans og starfsmanna í samanburðarhópnum. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsaðstæður




Þegar borin eru saman svör kennara og annarra starfsmanna í skólanum kemur í ljós að kennarar eru óánægðari með þessu þætti en aðrir starfsmenn skólans en þó alment jafnánægðir og aðrir kennarar á landinu. Aðrir starfsmenn eru marktækt ánægðari en almennt gerist á landinu öllu.




Starfsþróun


Í starfsmannakönnun Skólaláttamálsins eru kennarar beðnir að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga marktækt minni en trú kennara í samanburðahópnum.




Kennarar eru spurðir hvort þeir fái mat og endurgjöf árlega eða oft frá skólastjórnendum öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Umfang mats og endurgjafar virðist vera svipað og hjá viðmiðunarhópnum.




Nýting á niðurstöðum kennaramats er marktækt frábrugðið landsmeðaltali og við samanburðarhóp.



Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, aðal námsgrein þeirra, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmennigumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarf. Kennarar skólans telja þörf sína fyrir símenntun vera nokkuð svipaða og kennarar samanburðarhópsins.




Spurt var hvort kennarar hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu 18 mánuðum en þeir gerðu. Niðurstöður sýna afgerandi að kennarar hefðu viljað það.




Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kannar ýmsa þætti sem snerta starfsánægiu m.a. tilgang starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsi sér að vera áfram í starfinu. Viðhorf starfsmanna skólans eru marktækt neikvæðari en í samanburðarhópnum.




Starfsandinn innan skólans; samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða er marktækt lakari en í samanburðarhópnum.



Þegar svör kennara og annarra starfsmanna eru borin saman koma svipuð viðhorf í ljós.

starfsandi innan skólans - kennarar og annað starfsfólk

spurt um starfsanda, jafnræði, ímynd og móttöku nýliða



Starfsánægja starfsmanna – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi	Veikar hliðar
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð		
<ul style="list-style-type: none"> Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofu Aðgangur kennara að ráðgjöf sérfræðinga v/ nemenda með náms- og /eða hegðunarerfiðleika 		<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingastreymi Faglegur stuðningur skólastjóra
Ábyrgð og áskoranir í starfi		
		<ul style="list-style-type: none"> Valddreifing við ákvarðanatöku Samvinna um skólaþróun og umbætur
Samvinna og teymisvinna		
<ul style="list-style-type: none"> Samráð um kennslu 		<ul style="list-style-type: none"> Undirbúningur kennslu í skólanum
Starfsaðstæður		
<ul style="list-style-type: none"> Starfsaðstæður almennt 		<ul style="list-style-type: none"> Starfsaðstæður að mati kennara
Starfsþróun		
<ul style="list-style-type: none"> Umgang mats og endurgjafar Símenntunarpörf kennara Vilji kennara til símenntunar 		<ul style="list-style-type: none"> Trú kennarans á eigin getu Nýting á niðurstöðum kennaramats
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar		
<ul style="list-style-type: none"> Meiri ánægja með starfsandann hjá öðru starfsfólki en kennurum 		<ul style="list-style-type: none"> Starfsánægja Starfsandinn innan skólans


Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn vorið 2013

Upplýsingagjöf

Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra eða tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, líðan, samskipti í bekknum, niðurstöður prófa / skimana og sameiginlegar ákvarðanir um skólagöngu barnsins eru marktækt meiri en á landinu öllu.




Foreldrar í BES eru marktækt óánægðari með heimasíðu skólans en samanburðarhóparnir.




Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi meira eða jafnmikið og samanburðarhópurinn.




Almennt eru foreldrar í BES ánægðir með foreldraviðtölin og mælist ánægja foreldra sambærileg við samanburðarhópinn.




Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið

Hlutfall foreldra sem telja sig hafa áhrif á ákvarðanir sem varða nemendur er marktækt minni í BES en í samanburðarhópnum.




Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftar tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsárangur eru færri en í öðrum skólum að meðaltali.


Foreldrar sem þykja þátttaka í gerð námsáætlana mikilvæg eru marktækt fleiri en í samanburðarhópnum.




Mæling á virgni foreldra í námi barna sinna sýnir meiri eða jafnmikla virkni og í samanburðarhópnum.



Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið er sambærileg og hjá viðmiðunarhópnum. Vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra sinna er meiri eða sambærilegur og hjá viðmiðunarhópnum.




Væntingar foreldra um nenntunarstig barns síns eru marktækt minni en væntingar foreldra á landinu öllu. En 3% hærri en hjá foreldrum barna í Sunnulækjarskóla. Um 69% foreldra í BES hafa væntingar um að barnið ljúki háskólanámi á móti 79% foreldra á landinu öllu. Einnig er menntunarstig foreldra í BES umtalsvert læggra en í viðmiðunarhópnum.




Þjónusta við nemendur og foreldra


Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili er svipuð og almennt gerist.



Hlutfall foreldra sem nýta sér þjónustuna er marktækt hærra eða jafnmikið og í samanburðarhópnum. Flestir þeirra sem nýta sér ekki þjónustuna segja ástæðuna vera þá að þeir þurfa ekki á henni að halda og er það sambærilegt við foreldra á landinu öllu. Hins vegar eru það 16% foreldra sem segjast ekki nota þjónustuna því hún sé of dýr miðað við 7% foreldra á landinu öllu.



Notkun á mótuneyti er meiri en almennt gerist á landinu og ánægja foreldra með máltíðir er meiri en almennt gerist á landinu. Þegar foreldrar eru spurðir hver sé helsta ástæða þess að barnið nýtir ekki mótuneyti skólans kemur fram að 80% svarenda segja ástæðuna vera matvæðni barnsins og 20% svarenda segja það vera vegna óþols.



Sterkar hliðar	Í jafnvægi	Veikar hliðar - sóknarfæri
Upplýsingagjöf		
<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingamiðlun til foreldra 		<ul style="list-style-type: none"> • Heimasíða skólans
Samvinna og samskipti við starfsmenn		
<ul style="list-style-type: none"> • Foreldraviðtöl 	<ul style="list-style-type: none"> • frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi 	<ul style="list-style-type: none"> • ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið		
<ul style="list-style-type: none"> • miklvægi þátttöku í gerð námsáætlana að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • virgni foreldra í námi barna sinna. • Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið. 	<ul style="list-style-type: none"> • áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur • þátttaka foreldra í gerð námsáætlana • væntingar foreldra um menntunarstig barnanna •
Þjónusta		
<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu / frístundaheimili • Notkun á mótuneyti • Ánægja foreldra með mótuneyti 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með tómstundaþjónutu / frístundaheimili 	

Umræða

Í sjálfsmati Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Skólinn hefur skýra stefnu eins og hún birtist í Skólastefnu Barnaskólans og í starfsmannastefnu BES er ábyrgð og skyldur stjórnenda og annarra starfsmanna skýr. Þetta er fyrsta sjálfsmatsskýrsla BES og er það líður í skýrri stefnu skólans. Almenn ánægja er meðal foreldra á stjórnun skólans en heldur minni meðal starfsmanna. Þessi fyrsta sjálfsmatsskýrsla BES er grunnmæling á öllum þáttum skólastarfsins og því munu næstu mælingar segja til um áreiðanleika þessara mælinga og hver þróunin í skólastarfinu er.

2. Líður nemendum vel í skólanum?

Nemendum líður vel í skólanum að mati foreldra og foreldrar barna í BES eru svipað ánægðir með líðan barna sinna og foreldrar á landinu að meðaltali. Sjálfsálit og tilfinningin fyrir að hafa stjórn á eigin lífi mælist heldur lægri hjá nemendum BES en á landinu almennt og vanlíðan og kvíði mælist heldur meiri en hjá öðrum jafnöldrum á landinu. 7.bekkur sker sig nokkuð úr öðrum bekkjum varðandi líðan.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Samsömun nemenda við nemendahópinn þar sem kannað er hvort þeim líði eins og þeir séu skildir út undan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyrri hópnum ofl. er minni hjá nemendum BES en jafnöldrum á landinu.

Foreldrum finnst ekki nægur agi í skólanum og agi í kennslustundum er minni en annarsstaðar að mati nemenda.

Tíðni og umfang eineltis er svipað í skólanum og á landinu í heild. Hins vegar er ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans, úrvinnslu á eineltismálum og hraða úrvinnslunnar minni en almennt gerist á landinu. Í samanburði við landið er minna um einelti í BES í búningasklefum, á netinu eða með GSM en almennt gerist á landinu en svipað í frímínútum á skólalóð og almennt gerist á landinu. Í frímínútum innandyra, í kennslustundum og á leið til og frá skóla mælist einelti meira en almennt gerist. Einelti meðal stúlkna er meira en meðal drengja.

3. Mætir skólinn þörfum nemenda?

Í Barnaskólanum eru hefðbundnir kennsluhættir þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er marktækt minni en almennt gerist á landinu. Þeir telja þó að skólinn mæti vel þörfum nemendanna en skiptar skoðanir eru um þyngd námsefnis. 12% foreldra segja það of þungt en 22% segja það of létt.

Almennt ríkir mikil ánægja með stoðkerfið í skólanum. Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu er tiltölulega hátt miðað við aðra skóla, það sama má segja um hlutfall nemenda í sérkennslu sem eru með einstaklingáætlanir og hlutfall foreldra sem eru í samstarfi við skólann um gerð einstaklingsáætlunar. Foreldrar eru ánægðir með sérkennslu og sálfræðipjónustuna.

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt minni í BES en ánægja foreldra á landinu öllu. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómstundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis. Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru hvað óánægðastir með er íþróttaaðstaða skólans, skólalóðin og ör skipti á kennurum vegna fæðingarorlofs. Sá þáttur sem foreldrar eru ánægðastir með eru gott starfsfólk, nýtt skólahúsnæði á Stokkseyri og stoðþjónusta skólans.

Námsárangur í samræmdum prófum er mjög árgangskiptur. Árangur í stærðfræði í 4.bekk sl. 3 ár hefur verið undir, yfir og jafn meðaltali við jafnaldra og árangur í íslensku hafa hækkað á hverju ári frá árinu 2010. Útkoma í stærðfræði í 7.bekk er lakari en útkoma á Suðurlandi og landinu öllu en einkunnir BES hafa hækkað á hverju ári frá 2010. Útkoma í íslensku hefur verið svipuð frá árinu 2010 og þar er 7.bekkur marktækt undir landsmeðaltali. Árangur í íslensku er ekki tekinn hér með þar sem nemendafjöldi í 10.bekk árin 2011 og 2011 er undir 10 nemendur og því eru ekki birtar niðurstöður í svo fámennum árgangi.

4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?

Ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er minna en hjá samanburðarhópnum en aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgangur að ráðgjöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og eða hegðunarefniðleika er meiri en hjá viðmiðunarhópnum.

Lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum er marktækt minni en almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur.

Um 52% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en það er marktækt minna en almennt gerist. Þess ber þó að geta hér að hér eru kennarar ekki í teymisvinnu um kennslu bekkja og hér er bara einn bekkur í hverjum árgangi.

Kennarar BES hafa meira samráð um kennsluna við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda en almennt gerist á landinu. Sama má segja um tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara.

Almennt er mikil ánægja með starfsaðstöðu í skólanum en með starfsaðstöðu er átt við aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi.

Kennarar skólans hafa heldur minni trú á eigin getu í starfi en kennarar almennt. Umfang mats og endurgjafar á störf þeirra er meira en almennt gerist en hins vegar nýta þeir sér ekki matið sem þeir fá á störf sín að sama skapi. Kennarar skólans telja sig hafa mikla þörf fyrir símenntun á ýmsum sviðum og vilji þeirra til símenntunar er mjög mikill.

Starfsánægja þ.e. tilgangur starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsi sér að vera áfram í starfi mælist marktækt minni en almennt gerist. Sama er að segja um starfsandann innan skólans.

5. Er samstarf heimila og skóla gott?

Foreldrar eru ánægðir með samvinnu og samskipti við starfsmenn. Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra eða tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, líðan, samskipti í bekknum, niðurstöður prófa / skimana og sameiginlegar ákvarðanir um skólagöngu barnsins eru marktækt meiri en á landinu öllu. Ánægja með heimasíðu skólans er minni en almennt gerist.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er minni en almennt í skólum. Virkni foreldra í námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barna sinna er sambærilegt og gerist á landinu almennt. Þá er menntunarstig foreldra í Barnskólanum lægra en almennt gerist á landinu.

Fjöldi foreldra sem kaupir mat í mötuneyti skólans er meiri en annarsstaðar á landinu að meðaltali og ánægja foreldra með mötuneytið er meiri en almennt gerist á landinu.

Ánægja foreldra með tómstundabjónustu eða frístundaheimili er svipuð og annarsstaðar og hlutfall barna sem nýta sér þessa þjónustu er einnig svipað og annarsstaðar á landinu.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður Skólapúlsins skólaárið 2012-2013. Þetta er fyrsta mæling Barnaskólans í Skólapúlsinum og því má segja að um grunnmælingu sé að ræða hjá okkur. Það eru margir athyglisverðir þættir sem koma í ljós bæði veikleikar og styrkleikar. Það er því hlutverk stjórnenda og starfsmanna allra að leita leiða til að bæta úr veikleikum og nýta okkur styrkleikana skólanum okkar til framdráttar.

Elísabet St. Jóhannsd. Sörensen